

máli þessu. Hann hefur gert grein fyrir ferðum sínum síðastliðið laugardagskvöld og sunnudagsnótt, en framburður hans er í veigamiklum atriðum í verulegu ósamræmi við það sem aðrir hafa borið.

Um kl. 23:00 í gærkvöldi var framkvæmd hútleit í bílskúr hússins nr. 3 við Blönduhlíð hér í borg, en þar hefur kærði innhlaup. Við hútleitina fundust meðal annars nokkrar áfengisflöskur sem sýnast vera af sömu tegund og hinir grimuklæddu menn höfðu á brott með sér frá Sævargörðum 1 á Seltjarnarnesi.

Eins og rannsóknargögn málsins bera með sér er rannsókn þess enn á frumstigi. Þykir sýnt að kærði sé undir rökstuddum grun um að eiga aðild að málinu. Með vísan til framanritaðs og skirskotun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. 1. nr. 74/1974 þykir því rétt að taka kröfu RLR til greina. Skal kærði skv. því sæta gæsluvarðhaldi, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 12. október nk. kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Gústav Reinhold Gústavsson, skal sæta gæsluvarðhaldi, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 12. október nk. kl. 17:00.

Miðvikudaginn 19. október 1988.

Nr. 340/1988. **Ákærvaldið**

gegn

Hallgrími Péttri Gústavssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru, sem hann lýsti fyrir héraðsdómara þegar eftir uppkvaðningu úrskurðarins hinn 12. október sl. Gögn málsins bárust Hæstarétti 14. s.m. Hann krefst

þess að gæsluvarðhaldsúrskurðurinn verði felldur úr gildi eða styttnur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 12. október 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 12. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að gæsluvarðhald, sem Hallgrími Péttri Gústavssyni, til lögheimilis að Yrsufelli 9, Reykjavík, fæddum 03.10. 1959 í Reykjavík, var gert að sæta samkvæmt úrskurði sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum þann 28. september sl., verði framlengt frá lokum fyrri gæsluvarðhaldsvistar kl.17:00 í dag allt til miðvikudagsins 14. desember nk. kl. 17:00 vegna gruns um brot kærða gegn 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Kærði hefur mótmælt kröfunni.

Málavextir:

RLR vinnur nú að rannsókn ráns sem framið var að Sævangörðum 1, Seltjarnarnesi, aðfaranótt 25. september sl. Í húsi þessu búa öldruð hjón, komin fast á áttæðu, sem átt hafa við vanheilsu að stríða undanfarin ár.

Við yfirheyrslur hjá RLR hinn 3. október sl. viðurkenndi kærði aðild sína að framangreindu broti. Hann játaði, að hann hefði í félagi með bróður sínum, Gústavi R. Gústavssyni, og Magnúsi Gunnari Baldvinssyni ákveðið að brjótast inn í framangreint hús að næturlagi í þeim tilgangi að afla sér peninga og annarra verðmæta. Kærði og félagar hans voru grímklaðdir við þennan verknað og ljóst er að einhver þeirra hefur barið húsráðandann, Sverri Sigurðsson, í höfuðið með staf, þannig að hann missti meðvitund um stund. Honum var síðan þröngvað til að láta af hendi fjármuni og opna peningaskáp í íbúðinni.

Eiginkona hans virðist einnig hafa verið beitt harðindum af kærða og

félögum hans, en samkvæmt læknisvottorði hlaut hún brot á mjaðmagrind meðan á innbrotinu stóð.

Brot það sem kærði er grunaður um að hafa framið getur varðað þungri fangelsisrefsingu samkvæmt 252. gr. almennra hegningarlaga, sbr. einnig 255. gr., sbr. 71. gr. sömu laga.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið og með vísan til rannsóknargagna málsins að öðru leyti er ljóst að hér er um mjög alvarlegt brot að ræða og aðferðin við framningu þess er öll hin hrottalegasta.

Þykir því rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhaldsvist til greina með vísan til 4. tl. 1. mgr. 67 gr. laga um meðferð opinberra mála og ákveða að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 14. desember nk. kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Hallgrímur Pétur Gústavsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 14. desember nk. kl. 17:00.

Miðvikudaginn 19. október 1988.

Nr. 128/1987. **Benedikt Óskarsson**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Birni Emilssyni

(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

Fjárnámssgerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1987. Hann gerir þá dómkröfu að hin áfrýjaða fjárnámssgerð verði úr gildi felld og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.